

Upplýsingar til erfingja/höfundaréttshafa

Vegna greiðslu skatta af fylgiréttar- og höfundaréttartekjum frá Myndstefi



Höfundaréttur erfist í 70 ár frá dauðdaga höfundar og rennur rétturinn sjálfkrafa til lögerfingja.

Höfundaréttartekjur¹ er vegna endurnotkunnar/endurbirtingar á verkum höfundar.

Fylgiréttartekjur² eru vegna endursölu listaverka í gegnum endursöluaðila.

Myndstef innheimtir þessar tekjur og greiðir til erfingja/höfundaréttshafa. Myndstef þarf að hafa umboð og greiðsluupplýsingar til þess að geta greitt út. Greitt er út ársgjórðungslega.

Í reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytis nr. 486/2001, nánar tiltekið í 5. grein hennar, kemur fram; Séu erfingjar látins höfundar, sem njóta skulu fylgiréttargjalds fleiri en einn, skulu þeir koma sér saman um að veita einum þeirra umboð til þess að taka við greiðslu úr sjóðnum.

Skattar

Höfunda- og fylgiréttargreiðslur eru skattskyldar tekjur. Þær færast inn til tekjuskatts á framtali og kemur til greiðslu með álagningu ár hvert. Höfunda- og fylgiréttargreiðslur eru áritaðar inn á framtöl skv. gagnaskilum frá Myndstefi. Skattlagning greiðslanna mun síðan verða í samræmi við þá áritun ef þessar fjárhæðir eru ekki leiðréttar á framtali.

Framteljendur geta þó leiðrétt áritaðar fjárhæðir og fært inn sinn hluta inn á framtal. Þetta á við þegar fleiri en einn erfingi fer með höfundarétt, þótt eingöngu einn meðtaki greiðslur frá Myndstefi. Rétt er að allir erfingjarnir geri grein fyrir þessum leiðréttingum í athugasemdum þar sem gerð yrði grein fyrir nöfnum og kennitölum allra erfingja og hvernig heildarfjárhæðin skiptist á milli þeirra. Í þessum tilvikum, þ.e. þar sem um greiðslur til erfingja er að ræða og því ekki rekstur fer þetta í ótölusettan reit í kafla 2.3 á framtali.

Ríkisskattstjóri gerir ekki kröfu um að sá erfingi sem móttækur greiðsluna bíði með að gera upp við hina erfingjana þar til álagning hefur farið fram.

Frekari upplýsingar veitir Ríkisskattstjóri, www.rsk.is // rsk@rsk.is

¹ Um höfundarétt gilda lög nr. 73/1972 með síðari breytingum, sjá hér:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1972073.html>

² Um fylgirétt gilda lög nr. 73/1972, lög um verslunarvinnu nr. 28/1998 og reglugerð 486/2001. Upplýsingar og tengla má finna á heimasíðu Myndstefs hér: <https://myndstef.is/notendur/endursala/>